

Ed.

339. Breytingartillögur

[30. mál]

við frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (AGI).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkið skal eiga og reka þessi fangelsi:
 1. Ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar.
 2. Vinnuhæli.
 3. Unglingafangelsi.
 4. Héraðsfangelsi.
2. Við 2. gr. Í stað „kvennafangelsi og gæzluvarðhald“ í fyrri málsgr. komi: kvennafangelsi, varðhald og gæzluvarðhald.
3. Við 3. gr. Orðin „að Litla-Hrauni í Árnessýslu“ falli burt.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Héraðsfangelsi til geymlu handtekinna manna og gæzlufanga skulu reist og rekin þar, sem þeirra er þörf að álitum dómismálaráðuneytisins og að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna.
Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir héraðsfangelsa, en annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.
Bygging nýrra fangelsa í samræmi við þessa grein skal háð leyfi Alþingis, enda samþykki það fjárveitingu til hennar.
Dómismálaráðherra ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Veita skal úr ríkissjóði 2 millj. kr. á ári hverju hið minnsta til fangelsabygginga, unz komið hefur verið upp fangelsum þeim, sem um getur í 1. gr., tölulíðum 1—3.
6. Við 9. gr. Aftan við 2. málslið bætist: og lög nr. 29 1. febr. 1936, um fangelsi.